

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	1.2.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrésón	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður Magnússon, Þorvaldur Helgi Auðunsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að kanna eftirfylgni útistandandi frávíka. Við komu eftirlitsmanna hafði ofn verksmiðjunnar ekki verið í gangi frá um kl.15 þann 23. janúar. Engin ný frávik komu fram í eftirlitinu en nokkur eldri frávik þarfnast enn úrbóta.

UMFANG EFTIRLITS

Rætt var um skráningar í viðhaldskerfi verksmiðju, en verið er að setja upp nýtt kerfi sem er áætlað að verði í fullri virkni fyrir 15. mars næstkomandi. Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn til að sjá um kerfið og viðhaldsstjórnin er í fullum undirbúningi við að innleiða kerfið.

Endurbætur hafa verið gerðar á sjálfvirknibúnaði reykreinsivirkisins en sjálfvirk skráning er komin upp á vefsíðu. Einnig er nú komin skráning(log) fyrir rykmæli í rjáfri reykreinsivirkisins. Mæling á ryki í ofnhúsi ásamt mælingu við sængursteypu höfðu ekki verið framkvæmdar vegna ofnstöðvunar. Rætt var möguleikann á því a símælir yrði einnig settur upp í ofnhúsinu.

Rætt var um úrgang og aukaafurðir og geymslu þeirra. Nú liggur fyrir útskolunarpróf fyrir uppsóp,slagg, deiglubrot og skolla málmleif og er það mál í vinnslu hjá Umhverfisstofnun varðandi kröfur á geymslu á umræddum efnunum.

Tiltekt á lóð hefur dregist, seinni sending af rafskautamassa(electrode paste) er enn utandyra og allur timburúrgangur hefur ekki verið fjarlægður. Rætt var geymsla rafskautamassa en fyrirtækið telur að geymsla í gámum auki hættu á skemmdum pokum vegna flutninga með lyftara. Pokarnir nuddist þá meira við gáminn og hvorn annan og auki líkur á slitum á þeim. Miðað er við að alltaf sé til að minnsta kosti 3 vikna birgðir af rafskautamassa sem þarf til framleiðslu.

Uppsetning á aksturshliði austan megin við verksmiðju hjá hráefnasvæði hefur nú verið lokið. Frestur var gefinn til 31.7.2017 til að klára setja upp girðingu frá suðvesturhorni lóðar að klettabrún en þar þarf að fara í jarðvegsskipti.

Þá var farið og skoðað skráning á símæli reykreinsivirkis í tölvu en ákveðið hefur verið að taka 10 mínútna meðaltal mælinga. Því næst var farið í ofnhús og skoðað geymslu rafskautamassa sem er á hæð um 25 metra frá jörðu. Um 80 pokar af rafskautamassa er notaðir á 2 vikum. Ljóst er að allur rafskautamassi getur ekki verið geymdur á hæðinni í einu. Væg brunalykt var þar á efri hæðum en þótt rafmagn sé ekki á ofninum halda kolin áfram að brenna. Ástæða stöðvunar var sú að verið var að gera við töppunarholu sem hafði lekið úr þann 23.janúar. Á lóðinni fyrir utan ofnhúsið var verið að hreinsa upp rafskautamassa sem hafði losnað úr pokum.


ATHUGASEMDIR

Stofnunin telur brýnt að farið verði vel yfir aðgerðir til að sporna við lyktarmengun frá verksmiðjunni, þá sér í lagi eftir ofnstopp en þá berast flestar ábendingar varðandi lykt.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.03.2017


Einar Halldórsson